

Eftirfarandi er umsögn Hugarafls vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna réttar barna sem aðstandenda, 148. löggjafarþing þingskjal 1269 — 665. mál.

Í 1. kafla 1. grein er talað um að:

1. Kannað verði hvort sjúklingur með geðsjúkdóma, fíknisjúkdóma eða illvíga líkamlega sjúkdóma eigi barn undir lögdri.

Við þetta höfum við eftirfarandi athugasemdir:

Þegar kemur að einstaklingi með andlegar áskoranir er mikilvægt að hafa í huga alvarleika ástandsins hverju sinni og hvernig fjölskyldan er að taka á málinu. Bæði er mikilvægt að hlúa að barninu og veita því stuðning en á sama tíma þarf að veita því tækifæri til að dafna á inngrips ef þannig stendur á. Skilgreina þarf betur í hvaða tilfellum heilbrigðisstarfsmaður tilkynnir skóla (leik-, grunn- eða framhalds-) um aðstæður barnsins, t.d. myndi geðlæknir alltaf þurfa að kanna hvort nýr sjúklingur eigi barn undir lögdri og koma ferlinu af stað?

Við fögnum því að ætlunin sé að veita bæði barni og þeim sem annast það í veikindum foreldris stuðning, þar sem oft hafa miklar byrðar og ábyrgð verið lagðar á herðar maka og annarra aðstandenda

Ennfremur kemur fram að

2. Þegar einstaklingur andast skal læknir sem gefur út dánarvottorð kanna hvort hinn látni hafi átt barn undir lögdri.

Við þetta höfum við eftirfarandi athugasemdir:

Kanna þarf aðstæður á heimilinu þar sem barnið býr áður en ákveðið er um forræði þar sem nærumhverfið getur líka verið veikt.

Almennt höfum við eftirfarandi athugasemdir:

Við tókum eftir að ekki er gert ráð fyrir að börn sem aðstandendur fari ekki í framhaldsskóla og setjum spurningu við hver og hvernig standa eigi að stuðningi við þau börn.

Tryggja þarf gott samstarf milli heilbrigðisyfirvalda og skóla – kerfin þurfa að tala saman – svo ekkert barn lendi á milli eða verði utanveltu.

Gæta þarf að því hvernig stuðningi við barn sem á foreldri með andlegar áskoranir og/eða deyr af völdum sjálfsvígs er háttað. Ekki má koma því þannig fyrir að barnið þurfi að líða skömm fyrir vegna veikinda foreldrisins.

Barn sem á foreldri með andlegar áskoranir og er með einhverskonar hegðunarvanda þarf að líta á sem sjálfstæðan einstakling – það er ekki ástæða til að gruna andlegar áskoranir hjá því.

Samþykkt á Hugarafsfundi 20.03.2019

Hugarafi